

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „58,70 kr.“ í 1. tölul. kemur: 66,04 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „52,80 kr.“ í 2. tölul. kemur: 59,40 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „70,78 kr.“ í 3. tölul. kemur: 79,63 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 9. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „228,46 kr.“ í 1. tölul. kemur: 257,02 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „2,70 kr.“ í 2. tölul. kemur: 3,04 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „8,17 kr.“ í 3. tölul. kemur: 9,19 kr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 10. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „286,97 kr.“ í 1. tölul. kemur: 322,84 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „14,34 kr.“ í 2. tölul. kemur: 16,13 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 11. desember 2008.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Árni M. Mathiesen.*